

Fundargerð aðalfundar Umf. Hvatar

Fimmtudaginn 5. mars 2026 kl. 17:00 í norðursal Íþróttamiðstöðvarinnar á Blönduósi.

Mættir eru; Grímur Rúnar Lárusson, Auðunn Steinn Sigurðsson, Arnór Guðjónsson og Vilberg Logi Arnórsson.

Gengið var til dagskrár.

1. **Formaður setur fundinn** – Grímur Rúnar Lárusson, formaður Umf. Hvatar setti fundinn.
2. **Kosinn fundarstjóri og fundarritari** - Formaður lagði til að Auðunn Steinn Sigurðsson yrði kjörinn fundarstjóri og var það samþykkt einróma. Fundarstjóri tók þegar til starfa. Fundarstjóri lagði til að Grímur Rúnar Lárusson verði kjörinn fundarritari og var það samþykkt.
3. **Fundargerð síðasta aðalfundar lögð fram til samþykktar.** Fundarstjóri lagði fram fundargerð síðasta aðalfundar dags. 27. febrúar 2025 til samþykktar og var hún samþykkt samhljóða.
4. **Formaður flytur ársskýrslu félagsins** – Grímur Rúnar Lárusson, formaður, flutti ársskýrslu félagsins.
5. **Gjaldkeri leggur fram reikninga til samþykktar** – Grímur Rúnar Lárusson fór yfir ársreikning aðalstjórnar og samstæðureikning félagsins vegna ársins 2025.
6. **Umræður um skýrslu formanns og gjaldkera og reikningar félagsins bornir upp til samþykktar** - Grímur gaf fundarmönnum kost á að spyrja um reikningana og ársskýrsluna og bar þá svo undir fundinn. Voru ársreikningarnir og ársskýrslan samþykkt samhljóða.
7. **Lagabreytingar** – Grímur Rúnar Lárusson, formaður, óska eftir því að leggja fram tillögu að breytingum á 4., 7. og 24. gr. laga Umf. Hvatar. Heimilt er að taka fyrir á aðalfundi tillögur til breytinga á lögum félagsins ef það er samþykkt með 2/3 hlutum greiddra atkvæða. Fundarstjóri lagði fyrir fundinn hvort taka ætti tillöguna fyrir og var það samþykkt samhljóða.
Lagabreytingarnar miða að því að uppfylla kröfur ÍSÍ til laga íþróttafélaga til samræmis við bréf ÍSÍ til íþróttafélaga dags. 22. janúar 2026.
Fundarstjóri bar framlagðar lagabreytingartillögur undir fundinn og voru þær samþykktar samhljóða.
8. **Stjórnarkjör aðalstjórnar**
 - a. **Kosinn formaður**, Grímur Rúnar gaf kost á sér áfram og var það samþykkt.
 - b. **Kosinn varaformaður**, Auðunn Steinn gaf kost á sér áfram og var það samþykkt.

- c. **Kosinn gjaldkeri**, Greta Björg gaf kost á sér áfram og var það samþykkt.
 - d. **Kosinn ritari**, Arnór Guðjónsson gaf kost á sér áfram og var það samþykkt.
 - e. **Kosinn meðstjórnandi** Aðalbjörg Valdimarsdóttir gaf kost á sér áfram og var það samþykkt.
9. **Kosnir tveir skoðunarmenn og einn til vara** – Kristín Ingibjörg Lárusdóttir og Ingunn María Björnsdóttir gáfu kost á sér sem skoðunarmenn og var það samþykkt. Magdalena Berglind Björnsdóttir gaf kost á sér til vara og var það samþykkt.
10. **Kosning fulltrúa og varafulltrúa á ársþing USAH**
Svanhildur Guðmundsdóttir, Auðunn Steinn Sigurðsson, Sighvatur Smári Steindórsson, Gunnlaug S. Kjartansdóttir, Ingunn María Björnsdóttir og Aðalbjörg Valdimarsdóttir munu mæta fyrir hönd Umf. Hvatar á ársþing USAH þann 21. mars nk. Til vara Arnór Guðjónsson, Grímur Rúnar Lárusson, Magdalena Berglind Björnsdóttir, Greta Björg Lárusdóttir og Heiðbjört Arnardóttir. Var það samþykkt samhljóða.
11. **Önnur mál**
Engin önnur mál lágu fyrir fundinum.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 17:20.